

1. júlí 2004

Rétta þarf hlut einkarekinna skóla

Samantekt

Verslunarráð skoðaði raunhæfa möguleika einkaaðila til að koma að rekstri hefðbundins hverfissskóla á grunnskólastigi. Skoðun á rekstarkostnaði grunnskóla leiðir í ljós að mikið ósamræmi er á opinberum fjárframlögum með nemendum í einkaskólum annars vegar og skólum sveitarfélaga hins vegar. Þá kom í ljós að heildargjöld eru að langstærstum hluta laun og launatengd gjöld, 90-93% en almennur rekstrarkostnaður 7-10%.

Verslunarráð kynnti síðasta sumar skýrslu um einkarekstur grunnskóla en í henni var ítarlega fjallað um kosti þess að einkaaðilar komi að þessum mikilvæga málaflokki í ríkari mæli. Til þess að svo megi verða er það hins vegar grundvallaratriði að einkareknir skólar sitji við sama borð þegar kemur að meðferð opinberra fjármuna. Þá er mikilvægt að sveitarfélög horfist í augu við raunverulegan kostnað af rekstri grunnskóla miðað við fyrirliggjandi aðstæður.

Einkareknir skólar hafa lengi vel fengið lægri fjárhæðir með hverjum nemanda heldur en opinberu skólarnir. Það hefur óhjákvæmilega leitt til töluverðs rekstrarvanda einkareknu skólanna sem margir hverjir innheimta mismunandi en hófleg skólagjöld. Í dag er enginn hverfissskóli rekinn af einkaaðilum.

Til að gera betur grein fyrir rekstrarmöguleikum einkarekinna skóla á grunnskólastigi lét Verslunarráð Íslands kanna fjárhagslegan rekstrargrundvöll fyrir ímyndaðan, nýjan hverfissskóla á höfðuborgarsvæðinu. Við gerð rekstrarlíkans grunnskóla þarf að taka inn þætti eins og laun, tæki og húsbúnað og viðhald á þeim, sérþarfa nemenda og annað sem eðlilegt þykir að rekstraraðili sjái um. Þá er mikilvægt að gera ráð fyrir þátttöku foreldra vegna þátta sem ekki teljast til beinna verkefna skóla.

Meðalkostnaður hjá skólum með færri en 200 nemendur á árunum 2003-2004 virðist vera á bilinu kr. 506.000,- til kr. 641.000,- en á bilinu kr. 383.000,- til 461.000,- hjá skólum með fleiri en 800 nemendur. Samkvæmt tölum frá bæjarfélögum er ljóst að heildargjöld án innri leigu eru að langstærstum hluta laun og launatengd gjöld eða 90-93%. Almennur rekstrarkostnaður er á bilinu 7-10%.

Þegar einkaaðilar semja við bæjarfélög um rekstur grunnskóla þarf að byggja á ofangreindri grunnsamningsfjárhæð, meðalkostnaði á nemenda án innri leigu, sem tekur tillit til launa og launatengdra gjalda auk almenns rekstrarkostnaðar. Semja ætti sérstaklega um greiðslur vegna tækja- og húsbúnaðar í upphafi og allra meiriháttar endurnýjana og viðhalds á því, öryggiskerfis, íþróttu og sunds, sérþarfa nemenda og annarra mögulegra skylduþátta sem upp kunna að koma. Gera þarf ráð fyrir því að foreldrar greiði sérstaklega fyrir mat og aðra sérstaka þætti eða nýjungar sem skólar gætu viljað bjóða uppá.

Með þessum fjárhæðum er við það miðað að bæjarfélög sjái alfarið um viðhald á húseign að utan og innan og lóð, nýframkvæmdir og frágang á húseign og lóð auk trygginga. Í þessu sambandi vekur VÍ þó athygli á skýrslu sína um einkaframkvæmd frá því fyrr á árinu en í henni eru dregnir fram kostir þess fyrir sveitarfélög að færa slíkan rekstur til einkaaðila.

Á fundi Verslunarráðs í morgun um stöðu einkarekinna skóla kom fram að í nágrannalöndum okkar hefur einkareknum skólum fjölgað ört. Ástæðan er fyrst og fremst sú að þeir skólar hafa stuðlað að meiri samkeppni og fjölbreytni í skólamálum. Hér á landi hefur nemendum í einkaskólum fækkað.

Einkaskólar fá nú greiddar rúmar 300 þúsund krónur á hvert barn á meðan sambærilegir opinberir skólar fá greitt um 500 – 640 þúsund krónur á hvert barn. Sveitarfélag sem vill leggja metnað sinn í þróun á sviði menntamála þarf að búa betur að einkaskólum og rétta hlut þeirra gagnvart opinberum skólum. Á fundi Verslunarráðs í dag kom fram að í ýmsum sveitarfélögum er vilji til þess að auka hlut einkaaðila í skólarekstri. Til þess að það gangi eftir hnökralaust þarf nokkur breyting að verða á löggjöf sem lýtur að málaflokknum. Innan menntamálaráðuneytis vinnur nú hópur sem skoða á breytingar á lögum um grunnskóla. Verslunarráð bindur miklar vonir við að í tillögum hópsins til ráðherra verði fjölbreytt rekstrarform grunnskóla tryggð. Mikilvægt er að kveðið sé skýrt á um að einkaaðilar geti sett á laggirnar skóla og að greitt sé til þeirra í samræmi við sambærilega opinbera skóla. Hópurinn skilar niðurstöðum sínum til ráðherra á haustmánuðum.

